

eigi uppfyllt hann og skoði Niels hann því »upphafinn«, enda hafi hann látið þinglesa ógildingu á honum. Telur gjörðarþoli sig með heimildarskjali þessu hafa fengið fullan eignar- og umráðarétt yfir jarðarhlutanum.

Rétturinn verður að fallast á þá skoðun gjörðarþola, að hann með siðarnefndum kaupsamningi og afsali, hafi öðlast lögformlegan eignarrétt yfir $\frac{1}{2}$ jörðinni Geitagil, og þar með ráðstöfunar- og afnotarétt. Og með því að þessari lögformlegu heimild gjörðarþola hefir eigi verið hnekkð með dómi eða hún ógilt, brestur heimild til þess að leggja bann við notum hans af jarðarhlutanum samkvæmt henni. Samkvæmt því verður krafa gjörðarbeiðanda um lögbann eigi til greina tekin.

Föstudaginn 28. febr. 1930.

Nr. 96/1929.

Valdstjórnin (Lárus Fjeldsted)

gegn

George Williams (Stefán Jóh. Stefánsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 10. ágúst 1929: Kærði, George Williams, á innan fjöggra vikna að greiða 13000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með sjö mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Spider« G. Y. 1254 frá Grimsby, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjód.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, var skip kærða, G. Y. 1254, »Spider« frá Grimsby, með stjórnborðsvörpu í sjó, er varðskipið Óðinn kom að því kl. 7,08 síðdegis hinn 8. ág. f. á.,

og var botnvörpuskipið þá samkvæmt mælingu varðs-
skipsins 0,3 sm. utan landhelgislinunnar. Samkvæmt
skýrslu varðs skipsforingjans hafði nefnt botnvörpu-
skip haldið út frá landi síðustu 33 mínúturnar, sem
ekki er véfengt af kærða, og miðunarlínur frá varð-
skipinu til botnvörpungsins, sem ákveðnar voru með
hornamælingum milli botnvörpungsins og Ingólfshöfða-
vita, kl. 6,30, 6,36, 6,43, 6,50 og kl. 6,58, sýna, að
kærði hefir allan þennan tíma verið á landhelgis-
svæðinu, svo sem ljóslega má sjá á sjóbréfi, er lagt
hefir verið fram í réttinum og forstöðumaður stýri-
mannaskólans hefir markað á miðanir og mælingar
varðs skipsins. Hinsvegar hefir kærði viðurkennt, að
hann hafi verið að fiska með botnvörpu í sjó allan
þann tíma, er eftirlitsskipið athugaði hann eða frá
kl. 6,30.

Með þessum skýrslum er það sannað, að kærði hefir
fyrgreindan tíma verið að botnvörpuveiðum í land-
helgi og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 5,
18. maí 1920, og með því fallast má á ákvæði
lögregluréttardómsins um upphæð sektar, upptöku
afla og veiðarfæra og um málskostnað, ber að stað-
festa hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar
teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins fyrir
hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda,
80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað,
þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá
birtingu dóms þessa.

Kærði, George Williams, greiði allan kostnað

sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærði í máli þessu, George Williams, f. 7. okt. 1866, er sakaður um að hafa verið að fiskiveiðum með botnvörpu á landhelgissvæðinu hinn 8. þ. m. nálægt Ingólfshöfða á skipi sínu togaranum »Spider«, G. Y. frá Grimsby.

Nánari atvik eru þessi, samkvæmt kæru skipherrans á varðskipinu »Óðinn«, dags. 9. þ. m., framlagðri í málinu.

Kl. 6,30 nefndan dag þegar »Óðinn« var á ferð í vesturátt eftir landhelgislinunni nálægt Tvískerjum, sást togarinn grunsamlega nálægt landi og voru því teknar staðarákvarðanir og miðaðist togarinn í línu, sem þar liggur um landhelgissvæðið á alllöngu svæði. Fimm mínútum seinna sneri togarinn beint út frá landi og hélt þeirri stefnu þangað til komið var að honum kl. 7,08 eða 33 mínútum síðar. Var þá mældur staður togarans og reyndist hann 0,3 úr sjómilu utan landhelgislinunnar. Var togarinn þá með botnvörpu í sjó. Samkvæmt þessari niðurstöðu skipaði skipherra varðsupsins hinum kærða að fylgja varðskipinu til Vestmannaeyja á togaranum. En hann neitaði því, vegna þess að hann leit svo á, að hann væri fyrir utan landhelgina af ástæðum, sem síðan verða greindar, og þar sem hann hélt áfram að sýna aðgjörðalausán (passivan) mótlróa gegn þeirri fyrirskipan að koma með til Vestmannaeyja, varð að taka skip hans þangað með valdi.

Kærði hefir ekki viljað kannast við, að hafa verið að toga á landhelgissvæðinu, eins og hann er sakaður um, og ber það fyrir sig, að skip sitt hafi verið um 4½ sjóm. frá þeim stað á landi, er næstur var, þegar skip hans var stöðvað og eftir mælingum varðsupsins reyndist 0,3 úr sjómilu fyrir utan landhelgina.

Þessu til sönnunar hefir hann bent á, að skip sitt hafi farið þessa vegalengd upp að landi frá boju, sem hann lét setja út, þar sem hann var tekinn.

Það er viðurkennt af kærða, að hann hafi verið að toga umrætt sinn allan tímann frá kl. 6,30 til kl. 7,08, þegar honum, samkvæmt framansögu, var veitt eftirtekt frá »Óðni«. Einnig hefir hann viðurkennt og það sannað á annan hátt, að hafa stefnt í suður og út frá landi síðasta hálf tímann áður en skip hans var stöðvað. Hafi því skip hans verið aðeins 0,3 úr sjómílu fyrir utan landhelgislinuna, þegar það var stöðvað, leiðir af þessu, að skip hans hefir verið allt að því eina sjómílu fyrir innan landhelgislinuna, þegar fyrsta athugun var gjörð frá »Óðni« kl. 6,30 og þá að toga með botnvörpu. Samkvæmt hornmælingum varðsþipsins reyndist staður skipsins þessar 0,3 úr sjómílu fyrir utan landhelgislinuna, og hefir því ekki á nokkurn hátt verið hnekkð með vegmæling þeirri, sem hinn kærði skipstjóri framkvæmdi, þegar af þeirri ástæðu, að skip hans fór ekki skemmstu leið að landi eftir því, sem upplýst er um stefnuna, sem það hélt.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að kærði hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og ber að ákveða refsing hans með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot kærða á nefndum lögum að ræða og að dagsgengi krónunnar er 0,8165 úr gullkrónu. Einnig þykir rétt við ákvörðun refsingarinnar að taka nokkurt tillit til móttþróa kærða að hlýðnast löglegum fyrirskipunum skipherra varðsþipsins.

Samkvæmt þessu ákveðst refsing hans sekt að upphæð kr. 13000.00, sem greiðist innan fjöggra vikna og rennur í Landhelgissjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.